



Leiðbeiningar um byggingar í eldri hverfum

Vísað er til 44. greinar í skipulagslögum 123/2010.

Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir (yfirleitt í eldri hverfum) um einstakar lóðir skal sækja um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa.

Byggingarfulltrúi vísar umsókninni til skipulagsnefndar sem metur hvort hafna eigi umsókninni eða láta fara fram grenndarkynningu.

Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annara en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

Að lokinni afgreiðslu skipulagsnefnd og bæjarstjórnar tekur byggingarfulltrúi umsóknina til endanlegrar afgreiðslu.

Upplýsingar um hvort deiliskipulag liggur fyrir eða ekki veita byggingarfulltrúi og skipulagsstjóri.